

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

**Efni: Greinargerð endurskoðunarnefndar SSNV**

Í starfsreglum um endurskoðunarnefnd SSNV kemur fram að hlutverk hennar er að:

1. Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
2. Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.
3. Hafa eftirlit með endurskoðun ársreikninga.
4. Meta óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans.

Endurskoðunarnefnd átti fund með endurskoðanda samtakanna, Kristjáni Jónassyni, vegna endurskoðunar ársreiknings 2016, mánudaginn 13. febrúar. Á fundinum lagði endurskoðandi fram gögn og gaf upplýsingar um ofangreind atriði.

Það er mat endurskoðunarnefndar að með þeim fundi hafi nefndin uppfyllt hlutverk sitt samkvæmt liðum 1-4 hér að ofan.

**Upplýsingaskyldur nefndarinnar**

Nefndin skal minnst árlega gera stjórn skriflega grein fyrir störfum sínum. Nefndin ber ábyrgð á að upplýsa stjórn um hver þau mál sem geta haft veruleg áhrif á starfsemi eða afkomu samtakanna.

Endurskoðunarnefnd telur að engin mál séu í gangi eða séu fyrirsjáanleg sem geti haft veruleg neikvæð áhrif á greiðslu- eða rekstrarhæfi samtakanna.

Norðurlandi vestra 28.02.2017

  
Margeir Friðriksson formaður

  
Arnar Þór Sævarsson

---

Guðrún Ragnarsdóttir